

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 3. maí 2006.

Efni: Frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir (788. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er byggt á niðurstöðum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði árið 2004 og var falið að endurskoða efni laga nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar og laga nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir.

Í 10. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að hið opinbera skuli starfrækja vinnumiðlanir. Er vandséð að þörf sé á slíkum ríkisrekstri enda er fjöldi einkarekinna vinnumiðlana í landinu sem bjóða fólki að aðstoða það við atvinnuleit þeim að kostnaðarlausu. Er því erfitt að rökstyðja það fyrir skattgreiðendum af hverju þeir eiga að standa straum af slíkum hlutum sem þegar eru gerðir jafn vel eða betur af einkaaðilum.

Viðskiptaráð leggur til að ríkið hætti að starfrækja opinberar vinnumiðlanir en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson